



## Kynning á verkefnislýsingu: Aðalskipulagsbreyting – vatnsgeymir í austurhlíðum Úlfarsfells sunnan Skarhólabrautar.

Mosfellsbær auglýsir hér með til kynningar verkefnislýsingu skv. 30.gr. skipulagslaga nr. 123/2010:

Mosfellsbær áformar að reisa nýjan vatnsgeymi í austurhlíðum Úlfarsfells suður af Skarhólabraut. Geymirinn mun þjónusta fyrirhugaða byggð í Lágafelli en einnig auka þrýsting í Mýrum og Krikum en það hefur lágur þrýstingur valdið vissum vandamálum. Til þess að áform þessi gangi eftir þarf að skilgreina iðnaðarlóð (I) á fyrrgreindu svæði sem í gildandi aðalskipulagi er skilgreint sem „Óbyggð svæði Ó/ÓB“.

Í verkefnalýsingu kemur lögum samkvæmt fram hvaða áherslur sveitarstjórn hefur við skipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, s.s. um kynningu og samráð gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum. Þeir sem vilja kynna sér málið nánar vinsamlegast hafið samband við skipulagsfulltrúa.

Verkefnalýsing liggur frammi í þjónustuveri Mosfellsbæjar á 2. hæð Þverholts 2, 270 Mosfellsbæ og á heimasíðu bæjarins á slóðinni:

**[mosfellsbaer.is/skipulagsauglysingar](http://mosfellsbaer.is/skipulagsauglysingar)**

Athugasemdum og ábendingum varðandi lýsinguna má skila til þjónustuversins eða til undirritaðs og er æskilegt að þær berist fyrir lok mars 2017.

1. mars 2017,  
Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar  
[olafurm@mos.is](mailto:olafurm@mos.is)